




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Klettaborg

2026– 2027



Gildi Klettaborgar

Gleði – virðing - öryggi

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	6
4. Starfspróunarsamtöl	8
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	8
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	8
7. Foreldrasamstarf	9
8. Skipulags dagar og leikskóladagatal	9
9. Þróunarverkefni	9
10. Fylgiskjöl:	10
10.1 Innra mat Lóu- og Lundaklettar 2025-2026	10
10.2 Innra mat Kríuklettar 2025-2026	11
10.3 Innra mat Hrafnakletts 2025-2026	12
10.4 Innra mat Fálkakletts 2025-2026	13
10.5 Innra mat Arnarkletts 2025-2026	14
10.6 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027	15
10.7 Skóladagatal Klettaborgar 2026-2027	17
10.8 Umsögn foreldraráðs	19





1. Greinargerð leikskólastjóra

Klettaborg hefur gengið í gegnum miklar breytingar á líðandi skólaári. Stjórnendaskipan skólans var í höndum nokkurra aðila og er undirrituð ein af þeim sem kom inn vegna veikindafjarveru skólastjórnenda. Ég kom um miðjan september 2025 og í hlutverki aðstoðarskólastjóra, fram í desember, var annar tveggja stjórnenda í Engjaborg sem var búinn að vera frá því í byrjun júní 2025. Í mars 2026 var staða skólastjóra auglýst og sótti undirrituð um þá stöðu og var ráðin frá og með 1. maí 2026. Aðstoðarskólastjóri Klettaborgar var búinn að vera fjarverandi um nokkurra mánaða skeið áður en ég kom til starfa en hóf störf í nóvember 2025 en hvarf aftur frá störfum í janúar 2026 og við hans starfi tók einn af deildarstjórum Klettaborgar. Óvíst er hver staðan verður næsta skólaár og verður tekið á þeim málum síðar. Ég sem nýr stjórnandi hef ekki verið að koma með nýjar áherslur fram að þessu en þar sem ég er tekin formlega við stjórnendastarfinu þá hef ég fengið tíma til að viðra hugmyndir varðandi starfið og kynna fyrir starfsfólki hvernig ég sé leikskólastarfið í Klettaborg þróast. Áhersla er á valddreifingu og valdeflingu vegna þess að gott skólastarf er ekki í höndum eins aðila heldur heildarinnar. Mottó eins og „enginn getur allt, en allir geta eitthvað“ á sannarlega við í leikskólastarfi og nýting mannauðar innan veggja skólans er mikilvægasti auðurinn.

Ný bygging, Kot (staðsett við Sporhamra), var opnuð formlega í janúar 2026 og í þeirri byggingu er ráðgert að yngstu börn leikskólans verði staðsett í framtíðinni. Gert er ráð fyrir allt að 25 börnum í því húsnæði og í júní 2026 var barnahópurinn þar orðinn 18 börn. Áður en starfsemin hófst í Koti varúið að kjósa um nafn á húsnæðinu til að skilgreina það frá húsnæði við Dyrhamra, sem mun í framtíðinni kallast Borg. Frá því að starfsemin hófst í Koti hefur reynt á að skapa samvinnu milli húsanna tveggja og næsta skólaár verður áhersla lögð á að efla þá samvinnu og búa til verkferla sem tryggir flæði þeirra á milli. Það verður mikil áskorun vegna þess að of langt er á milli þeirra þannig að daglegt samstarf verði eðlilegt.

Starfsemi í Klettaborg hefur verið í ákveðnum farvegi um margra ára skeið og kemur það til vegna þess sterka og faglega starfsmannahóps sem í skólanum starfar. Verkefni eins og „þjóðsögur og ævintýri“ hefur fengið að lifa í mörg ár og eins var það í vetur. Inn í það verkefni eru allir námsþættir Aðalnámskrár hafði í huga en sérstök áhersla er lögð á íslenska málrækt, sköpun og sjálfbærni

Útinámskennsla hefur verið einn af hornsteinum skólastarfsins en hefur legið aðeins á milli hluta. Markmið næsta skólaárs er að styrka þá starfsemi og sérstaklega í ljósi þess að lóðin við Kot býður upp á að vera með útikennslu fyrir allan aldur. Heimsóttur var skóli í Reykjavík á skipulagsdegi 6. maí þar sem markmiðið var að fá hugmyndir að því hvernig skólalóðin sjálf nýtist sem útinámsstofa.

Elsti árgangur Klettaborgar tók þátt í Barnamenningarhátíð, með samsöng skóla í Hörpunni. Vilji er að tengja fleiri árganga inn í hátíðina í framtíðinni og nýta þá nánasta umhverfi Grafarvogar til þess verkefnis.

Eins og undanfarin ár þá hefur skólastarfið einkennst af ákveðnu hæglæti og sjálfbæru flæði í





leik, úti og inni, og því munum við halda áfram. Umræða í stjórnendateymi skólans hefur verið á þá leið að fara dýpra inn í þá aðferð og mun sú umræða halda áfram á komandi skólaári.

Breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum og fyrséð er að þannig verður næsta skólaár. Það kemur til annars vegar vegna aldurs þeirra sem eru að hætta en einnig áhugi starfsfólks að breyta um umhverfi. Við erum þó heppin að hér starfar traustur hópur sem hefur tileinkað sér starfsemi í Klettaborg af heilum hug og mun gera það áfram. Hópur sem er góð fyrirmynd gangvart nýjum einstaklingum sem við erum að ráða til okkar. Við vonumst til að næsta skólár verði stöðugra varðandi starfsmannahald og við vinnum að því í samvinnu við foreldra að búa að hlúa að Klettaborg þannig að hann fái að dafna og verða fyrirmyndarskóli.

Skipulagsdagar á árinu fórum mikið í að styrkja hópinn og vinna að þeim sameiginlegu verkefnum sem unnin eru í Klettaborg. Við fengum til okkar fyrirlestur á vegum KVAN á skipulagsdegi í nóvember. Fyrirlesturinn fjallaði um „Hamingjuna í hversdagsleikanum – jákvæð samskipti á vinnustað“. Efnið var mjög skemmtilegt og nauðsynlegt innlegg inn í hópinn sem hefur gengið í gegnum ýmislegt undanfarin ár. Við nýttum einnig skipulagsdaga til að hlusta á efni á Torginu, sem hentar öllum hópnum auk þess að eiga samtali um efni sem þarf að takast á við á hverjum degi, til að mynda erfið hegðun í barnahópnum.

Helena Jónsdóttir
Skólastjóri Klettaborgar





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Mat á skólastarfi fór fram á deildar- og starfsmannafundum yfir skólaárið.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Aðallega voru það starfsmenn sem voru að meta skólastarfið. Börnin komu að mati á sérstökum verkefnum eins og þjóðsöguverkefni.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður í þjóðsöguverkefninu hjálpar til við að endurmeta hvernig aðkoma barna er mismunandi eftir aldri. Spurningar gagnvart einum aldri en teikningar gagnvart öðrum. Tækifæri liggja þó í því að endurskoða á hverju ári hvernig við viljum fá börnin að borðinu varðandi það að hafa áhrif á skólastarfið.

Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins.
Hvernig fór matið fram?	Rafrænt á haustdögum 2025
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk tók þátt í könnuninni og var þátttaka frekar dræm.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Farið var yfir niðurstöður á skipulagsdegi í maí 2026 en vegna dræmrar þátttöku voru niðurstöður ekki að endurspeglar starfsemina. Miðað við aðra skóla hjá Austurmiðstöð voru niðurstöður slakari í Klettaborg. Sérstaklega voru þættir sem snúa að starfsmannhópnum sjálfum ekki nógu jákvæðar. Tækifæri fyrir næsta skólaár er að gera enn betur og sjá til þess að þátttaka verði 100%.

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Engin könnun meðal foreldra var lögð fram skólaárið 2025-2026 vegna þess að þær eru lagðar fram annað hvert ár.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Klettaborg	
Umbótapáttur/matspáttur	Samskiptastefna – starfsmannasáttmáli
Tækifæri til umbóta	Valdefla allt starfsfólk leikskólans og gera það samábyrgt
Aðgerðir til umbóta	Vinna úr þeim gögnum sem hafa safnast frá síðasta skólaári.
Ábyrgð	Allt starfsfólk leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax að hausti og verði lokið fyrir áramót.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á skipulagsdögum fram að áramótum farið yfir sáttmálann og hann endurnýjaður eftir þörfum. Markmiðið er að í upphafi hvers skólaárs verði hann kynntur formlega og þannig virkjaður. Unnið úr niðurstöðum rýnihóps frá fyrra skólaári.
Viðmið um árangur	Að allir geti tileinkað sér það sem skólinn stendur fyrir gagnvart starfsfólki.

Klettaborg	
Umbótapáttur/matspáttur	Útikennsla -
Tækifæri til umbóta	Efla meðvitund barna á nánasta umhverfi og hvernig hægt er að nota það sem námsleið.
Aðgerðir til umbóta	Nýta betur lóðir leikskólans og undirbúa lóð við Kot sem sérstaka útikennslulóð.
Ábyrgð	Stjórnendateymi skólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og unnið að þættinum allan veturinn.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í samtölum með börnum að vori. Með matsblaði sem börnin fá að fylla út að vori. Einnig metið á deildarfundum hvernar deildar fyrir sig að vori.
Viðmið um árangur	Að börnin verði sjálfbær í leik utandyra og nýt sér svæði sem verða heimsótt bæði á skólalóð en einnig í nærumhverfi.





Klettaborg	
Umbótapáttur/matspáttur	Lýðræði í barnahópnum
Tækifæri til umbóta	Valdefla barnahópin til að hafa áhrif á leikskólastarfið í samræmi við annað tveggja leiðarljósa Menntastefnu SFS.
Aðgerðir til umbóta	Fá börnin til að meta skólastarfið með þátttöku foreldra. Gefa börnum tækifæri að hafa áhrif á uppbrotsdaga sem eru með reglulegu millibili yfir skólárið (sýnilegt á skóladagatali).
Ábyrgð	Deildarstjórar allra deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matsblöð verða send heim til barna áður en foreldrasamtöl eiga sér stað að vori. Niðurstöður matsins verður kynnt fyrir foreldrum og tillit tekið til þeirra fyrir starfs
Viðmið um árangur	Að börnin upplifi fá þá tilfinningu að hlustað sé á þeirra raddir varðandi skólastarf í Klettaborg.

Klettaborg	
Umbótapáttur/matspáttur	Skólanámskrá
Tækifæri til umbóta	Endurbæta skólanámskrá sem samræmist lögum, aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins. Auk þess að vera með námskrá sem allir sem í Klettaborg starfa geta samsamað sig.
Aðgerðir til umbóta	Yfirfara og uppfæra námskrá sem er til staðar þannig að hún uppfylli þau skilyrði sem hún á að gera.
Ábyrgð	Skólastjóri, í samvinnu við stjórnendateymi og foreldraráð.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 og áætlað að vinnu ljúki á skólaárinu.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á fundum stjórnendateymis og á skipulagsdögum verður farið yfir efni sem þarf að breyta. Hlutverk foreldraráðs er að fara yfir skrána, koma með tillögum og sjá til þess að skólanámskrá uppfylli þau skilyrði sem hún þarf að gera.
Viðmið um árangur	Að námskráin endurspegli það starf sem er unnið í Klettaborg





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl áttu sér stað á hverri deild fyrir sig á vorönn, sem deildarstjórar sáu um. Skólastjóri sá síðan um samtöl við deildarstjóra og sérkennslustjóra í maí og júní. Áhersla næsta skólaár er að deildarstjórar verði meira með örsamtöl sem munu dreifast yfir skólaárið.

5. Fræðsla almennt út frá umbótáttum leikskólans

Verkfærin Blær og Lubbi hafa verið notuð í Klettaborg undanfarin ár. Vegna nýliðunar í starfsmannahópnum var ákveðið að fá námskeið að hausti skólaársins. Námskeið sem væri ný fræðsla fyrir ákveðinn hóp en upprifjun fyrir annan. Þessi námskeið yrðu á skipulagsdögum eða starfsmannafundi að hausti.

Haldið verður áfram að hvetja allt starfsfólk til að nýta fræðsluefni á Torginu og sérstaklega verða nýliðar í starfi hvattir til að nota undirbúningstímann til fræðslukynningar. Stefnt verður á að taka þátt í „Degi leikskólans“ 5. febrúar sem er skipulagsdagur.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hamraskóli er heimaskóli Klettaborgar og Sinbað frístundin. Ákveðin áætlun hefur verið í föstum skorðum í gegnum árin og er um að ræða gagnkvæmar heimsóknir á milli skólanna. Samstarfið beinist sérstaklega að elstu börnum Klettaborgar. Við myndum vilja sjá samstarfið í víðara samhengi, til að mynda með heimsóknum barna á miðstigi í leikskólanum á bókasafn Hamraskóla. Einnig myndum við vilja sjá festu í heimsóknum í frístund og að þær væru tvær á sitthvorri önninni. Áhugi er í byrjun skólaársins að fá a.m.k. tvær heimsóknir í frístund sem yrðu á sitthvorri önninni.

Dags. og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Október	Fyrsta heimsókn elstu barna Klettaborgar	Hamraskóli	Stjórnendur Hamraskóla
Nóvember	Samsöngur elstu barna	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Nóvember	Heimsókn 1.bekkjjar	Klettaborg	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Nóvember	4. bekkur les fyrir öll leikskólabörn	Klettaborg	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Desember	Leiktími með 1. bekk	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Desember	Samsöngur elstu barna	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Janúar	Heimsókn elstu barna með nesti.	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Febrúar	Samsöngur elstu barna	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla





Mars	Heimsókn elstu barna	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Apríl	Samsöngur elstu barna	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla
Maí	Vorskóli elstu barna	Hamraskóli	Foreldrar
Maí	Leikir elstu barna og barna í 1. bekk á skólalóð.	Hamraskóli	Deildarstjórar Klettaborgar og stjórnendur Hamraskóla

7. Foreldrasamstarf

Á síðasta skólaári var ekki kosið í foreldraráð eða foreldrafélag Klettaborgar og tóku foreldrar sem hafa verið í forsvari fyrir félagið að sér hlutverk ráðsins og gerðu það mjög vel. Ekki var haldinn hópfundur að hausti eins og venja hefur verið, heldur voru foreldrar upplýstir með tölvupósti frá hverjum deildarstjóra fyrir sig. Ljóst er að þetta fyrirkomulag er ekki að henta og verður farið í gamla farið á næsta skólaári. Haldnir verða kynningarfundir að hausti varðandi komandi skólastarf, kosið í foreldraráð og foreldrafélag.

Annað samstarf við foreldra hefur verið gott þetta skólaár. Einstaklingsamtöl voru í nóvember og í mars/apríl og verður sama form á þessum samtölum á næsta skólaári. Foreldrafélagið er driffjöður í ýmsum upptökum eins og sveitaferð og sumarhátíð.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sex á skólaárinu. Þrjú þessara daga verða með öðrum skólum og skólastigum í Austurmiðstöð. Sameiginlegir dagar verða; 30. september, 5. febrúar og 27. apríl. Aðrir dagar verða eftirfarandi; ½ dagur 31. ágúst (e.h.), 27. nóvember, 4. janúar og ½ dagur 26. maí (e.h.).

Á leikskóladagatali verða skipulagsdagar sýnilegir auk annarra viðburða og sumarlokunar sumar 2027.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
---	-----------------	---------------

Ekki verður lagt upp með ákveðið þróunarverkefni á skólaárinu 2026-2027.

Við höfum þó átt í samtali við Hamraskóla, með aðkomu MML um alþjóðlegt samstarf sem tengist fjölmenningu. Ekki er ljóst hvort af þessu samstarfsverkefni verður en það skýrist vonandi á haustdögum.





10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Lóu- og Lundaklettar 2025-2026

Styrkleikar

Fyrstu börnin voru tekin inn í Kot í lok janúar 2026, upphaflega opnuðum við aðeins aðra deildina og unnum saman með barnahópinn. Þar sem aldursbilið var breitt var tekin ákvörðun snemma um að opna báðar deildir og aldurskipta hópnum. Börn fædd 2024 og 2025 fóru yfir á Lóklett en eldri börn fædd 2022 og 2023 urðu eftir á Lundakletti. Aðlögun barna gekk vel fyrir sig. Bæði starfsfólk og börn voru að aðlagast nýju húsnæði og opnun tveggja nýrra deilda. Eftir að við opnuðum báðar deildir hafa börnin notið sín í leik, sjálfsprottinn leikur var í aðalhlutverki hjá okkur í vor. Unnið var með þulu í hverjum mánuði sem farið var með nánast daglega, í lok hvers mánaðar myndskreyttu börnin þuluna.

Lóklettur vann með könnunarleik þar sem börnin fengu að leika sér með verðlausan efnivið, á meðan könnunarleiknum stóð gerðum við skráningu og myndaskráningu fyrir hvert og eitt barn sem fór í ferilmöppu barnanna.

Í samverustundum hjá Lundakletti var mikill lestur, skráðum við lesturinn á bókaorm sem var sýnilegur foreldrum. Á Lundakletti var einnig unnið með þjóðsögna Stúlkan og Hrafninn og var afraksturinn sýndur á opnu húsi leikskólans í maí.

Útivera var stór hluti af okkar daglega starfi, börnin fengu að njóta sín í nýju og skemmtilegu umhverfi. Einnig var farið í nokkrar gönguferðir.

Tækifæri

Næsta vetur er ætlunin að öll börn vinni með þjóðsögna.

Við ætlum að halda áfram að gefa sjálfsprotna leiknum nægt rými í dagskipulaginu með því markmiði að hvert barn njóti sín í leiknum.

Lóklettur heldur áfram með könnunarleikinn. Markmið okkar er að hvert barn fari einu sinni í viku í könnunarleik. Gerðar verða skráningar og myndaskráningar samhliða því.





10.2 Innra mat Kríuklettar 2025-2026

Styrkleikar

Á Kríukletti er mikil áhersla á ríkt málumhverfi með daglegum lestri. Skráður er allur lestur deildarinnar á lestrarormshringi svo lestur deildarinnar sé sýnilegur fyrir börn og starfsfólk. Í vetur fengum við foreldra með okkur í verkefni að skrá niður lestur heima. Markmið deildarinnar var að ná samtals 100 hringjum. Börnin voru spennt að koma í leikskólann með lestarhring til þess að hengja upp og segja starfsfólki frá bókinni sem þau lásu heima. Í samverustundum er unnið með þulur, veðurfræðing, málskilning, framsögn, lestur, leiki, takt og söng. Þau börn sem ekki leggja sig í hádeginu fá sérstaka málörvun, unnið með rím, klappa atkvæði, andstæður orða, eintala og fleirtala.

Við unnum með þjóðsögna, stúlkan og hrafnninn, verkefnið hófst í janúar og lauk í maí. Sagan var lesin nokkuð oft í upphafi og unnin voru verkefni tengd sögunni. Við höfum verið að æfa börnin í frásögn og gekk því vel hjá þeim að segja okkur frá innihaldi sögunnar. Við skráðum niður frásagnir þeirra og þau myndskreyttu.

Barnahópurinn styrktist í sjálfsprottum leik inni á deild. Þau fengu mikið svigrúm til leiks og samskipta. Mikill áhugi hefur verið hjá börnunum að vera í útiveru og sækjast þau eftir því að fara út bæði fyrir og eftir hádegi. Fyrir áramót náðum við markmiði síðasta vetrar að hvert barn færi tvisvar sinnum á mánuði í útinám en eftir áramót var erfiðara að fylgja þessu verkefni eftir. Þetta verkefni fer því aftur í umbætur.

Við unnum litaverkefni í hverjum mánuði, hvert barn útbjó litabók. Börnin unnu fjölbreytt myndsköpunar verkefni og sögðu frá hvað þau væru að gera. Allar frásagnir voru skráðar niður í litabókina. Einnig var gerð myndaskráning í ferilmöppu.

Tækifæri

Næsta vetur er barnahópurinn á Kríukletti eldri en hefur verið og verða öll börnin fædd 2023. Það gefur okkur tækifæri til þess að innleiða verkefnið *Lubbi finnur málbein*.

Einnig ætlum við í meira samstarf við Hrafnaklett þar sem unnið verður með útinám. Auka útikennslu og nýta þau kennslugögn sem til eru í leikskólanum. Gönguferðir, kennsla í garði og nýta útikennslusvæði við Klettakot.





10.3 Innra mat Hrafnakletts 2025-2026

Styrkleikar

Meirihluti barna sem byrjaði á Hrafnakletti sumarið 2025 voru að koma af flutningi frá öðrum leikskólum og var því aðlögun þetta árið stutt og gekk vel. Í þann hóp bættust svo 5 börn frá yngstu deild leikskólans og gekk sá flutningur einnig mjög vel. Við gátum því hafið deildarstarf fljótt eftir aðlögun og var starfsmannahópurinn nánast sá sami og árið áður. Öll börn á deildinni einnig í sama árgangi og var það líka kostur í leik og öllu starfi.

Verkefnið „Bókaormur vikunnar“ hélt áfram og var hvert barn 2 sinnum með það hlutverk yfir skólaárið. Þá kemur barnið með bók að heiman sem lesin er í samverustund. Skráning svo sett fyrir framan deildina sem síðan fer í ferilmöppu barnsins.

Áfram var unnið með „þulu mánaðarins“ og í lok hvers mánaðar endursögðu börnin þuluna sem var skráð niður og myndskreytt. Þetta verkefni fór einnig í ferilmöppu barnsins.

Í samverustundum var mikill lestur í bland við söng, rím, leiki og umræður.

Lubba-stundir voru á mánudögum þar sem eitt máhljóð var lagt fyrir í hverri viku. Áhugi barnanna á stöfum og hljóðum jókst og nefndu foreldrar það í viðtölum.

Auk lesturs í samveru og þegar börnin settust í sjálfsprottna leiknum hjá starfsfólki með bók var eitt ævintýri lesið vikulega fyrir barnahópin. Bæði þekkt ævintýri sem mörg barnanna höfðu heyrt áður en einnig minna þekkt ævintýri sem vöktu líka mikinn áhuga.

Unnið var með þjóðsöguna, Stúlkan og hrafninn eftir áramót og var afrakstur vinnunnar sýndur á opnu húsi leikskólans í maí.

Útikennsla fór vel af stað að hausti en gekk ekki eins vel eftir áramót. Fer í umbætur.

Tækifæri

Auka útikennslu og nýta þau kennslugögn sem til eru í leikskólanum.

Gönguferðir, kennsla í garði og nýta útikennslusvæði við Klettakot.





10.4 Innra mat Fálkakletts 2025-2026

Styrkleikar

Það gekk vel að aðlaga nýja hópinn inn á deildina, þrátt fyrir að mörg börn hafi þurft sértækan stuðning. Skipulagið gekk vel og hópurnir varð fljótt öruggur. Sjálfsprottur leikurinn var í fyrirrúmi í daglega starfinu þar sem börnin fengu svigrúm til að velja sér verkefni, efla félagsfærni og dýpka vináttubönd á eigin forsendum.

Myndaskráningar gengu líka vel og náðum við að skrásetja mörg verkefni og uppákomur. Hvert barn valdi svo tvær skráningar sem fóru í ferilmöppuna þeirra.

Framsögn gekk vel í vetur. Við nýttum þau tækifæri sem gáfust, eins og þegar börnin komu með hluti að heiman eða þegar foreldrar sendu myndir til að sýna og segja frá í hópnum. Stórt verkefni tengt þessu var „Barn vikunnar“, þar sem hvert barn var í aðalhlutverki eina viku, sagði frá sér og aðstoðaði kennara.

Við fórum nokkrar ferðir í útinám og stefnum á að fjölga þeim og gera þær markvissari á næsta skólaári. Hefðbundin verkefni líkt og þjóðsögur, Lubbi, Blær og þulur gengu öll vel og voru börnin dugleg að taka þátt.

Tækifæri

Það gekk ekki nógu vel að senda myndir úr starfinu til foreldra í gegnum Völu í vetur. Við ætlum að bæta úr því á næsta skólaári og munu fleiri starfsmenn koma að því verkefni til að tryggja reglulegt upplýsingaflæði.

Þá gekk verkefnið „Gefðu 10“ ekki sem skyldi. Þrátt fyrir það var mikil málörvun í daglega starfinu með öðrum leiðum. Á næsta skólaári munum við vinna að því að gera málörvunina markvissari í gegnum allt skipulagið.





10.5 Innra mat Arnarkletts 2025-2026

Styrkleikar

Veturinn á Arnarkletti hefur verið lærdómsríkur jafnt fyrir börn sem starfsfólk. Við tókumst á við ýmsar áskoranir sem tengjast hegðun og samskiptum í barnahópnum. Með sameiginlegu átaki starfsfólks og sérfræðinga frá Austurmiðstöð höfum við markvisst reynt að skapa jákvætt og öruggt umhverfi þar sem lögð er áhersla á samvinnu, virðingu og vellíðan barnanna og starfsfólks deildarinnar.

Á Arnarkletti er lögð rík áhersla á málörvun og læsi á daglegu starfi og hefur okkur tekist að samþætta málörvun og myndsköpun við lesturinn. Börnin hafa m.a. fengið tækifæri til að vinna með sögur og texta á skapandi hátt, efla orðaforða sinn, tjáningu og ímyndunarafli.

Á vorönn tókum við þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur með verkefnið Söngvavor. Börnin sungu lög eftir Dr. Gunna á tónleikum í Hörpunni sem var bæði lærdómsrík og ánægjuleg reynsla. Þátttakan efldi sjálfstraust barnanna, samkennd og gleði í gegnum tónlist og samveru.

Tækifæri

Næsta vetur ætlum við að byggja á þeirri reynslu sem hefur skapast á deildinni. Við munum halda áfram að þróa námsumhverfið þannig að það styðji betur við þarfir og áhuga barnanna. Við munum halda áfram að leggja áhersla á málörvun og byggja ofan á það góða starf sem við höfum unnið síðasta vetur.

Jafnframt ætlum við að efla útikennslu og nýta nærumhverfið sem vettvang náms og upplifunar. Með reglulegri útiveru og skipulögðum verkefnum utandyra fá börnin tækifæri til að læra í gegnum hreyfingu, könnun og leik. Börnin fá að upplifa náttúruna, efla sjálfstæði sitt og styrkja tengsl sín við umhverfið sitt.

Við ætlum að leggja áherslu á gott samstarf milli deilda þar sem samvinna starfsfólks skiptir miklu máli. Með auknu samstarfi skapast fleiri tækifæri til sameiginlegra verkefna, miðlunar hugmynda og aukinnar samvinnu meðal barna og starfsfólks. Markmiðið er efla félagsleg tengsl barnanna, að skapa jákvætt, öruggt og lærdómsríkt umhverfi þar sem allir fá að njóta sín og vaxa í leik og starfi.





10.6 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Lóu- og Lundaklettur börn fædd 2024 og 2025	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Þátttaka í þjóðsöguverkefni Klettaborgar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Þrátt fyrir ungan aldur að finna leiðir til að vinna með þjóðsögur eins og allir í skólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í samverustundum, sjónræmum myndum af sögunni sem verður fyrir vali.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá janúar – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið.	Myndrænar skráningar með hverju og einu barni meðan á verkefninu stendur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin nái færni í að tileinka sér ákveðið verkefni.

Hrafna- og Kríuklettur – börn fædd 2022 og 2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að hvert barn fari í skipulagða útikennslu tvisvar í mánuði
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta útináms kennsluefni sem til er á leikskólanum og fara í skipulagðar gönguferðir
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026- apríl 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið.	Myndaskráningar og skráningar yfir ferðir sem farið er yfir á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmiðið er að hvert barn fari að minnsta kosti 2 í mánuði í mánuði í útinám.





Arna- og Fálkaklettur

börn fædd 2021 og 2022

Umbótapáttur/matsþáttur	Samstarf á milli elstu barnanna sem verða á tveim deildum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að elstu börnin kynnist hvert öðru og vinni saman í gegnum leik og starf.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með sameiginlegum verkefnum, heimsóknum milli deila, sameiginlegum heimsóknum út fyrir skólann.
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðrir starfsmenn deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráningar sem farið verður yfir á deildarfundum og með viðtölum við börn
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að elstu börnin sem eru á tveim deildum fari sem einn hópur í grunnskólann.





Leikskóladagatal 2026 - 2027

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍ	JÚN	JÚLÍ
1 L	1 D	1 F	1 S	1 D	1 M	1 M	1 M	1 M	1 L	1 D	1 F
2 S	2 M	F	2 M	2 M	2 L	2 D	2 D	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Fródagur vefurinnanna	3 F	3 L	3 D	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 M	3 L
4 D	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F Foretari í morgunmat	4 F	4 S	4 D	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 D	5 F Skiðisdagur	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 D Foretari HEKK	6 F	6 S	6 M Þrengissali	6 L Dagur Neskaups	6 L	6 D	6 F Upptögnsdagur	6 S	6 D
7 F	7 M	7 M Foretari AKLAK	7 L	7 M	7 S	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 D	8 F Foretari LKLK	8 S	8 D	8 M	8 M Eskudagur	8 M	8 F	8 L	8 D	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 D Svefnidagur	9 D	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 D Omnú og staflari	10 F	10 S	10 M Gæmsdagur	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 D	11 F	11 S	11 M	11 F Jósdagur dagur	11 M	11 F	11 F	11 S	11 D	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 D	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 D	13 F	13 S	13 L	13 L	13 L	13 D Ljótisdagur	13 F	13 S	13 D
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 S	14 S	14 S	14 M	14 F Hringinn dagur	14 M Þrengissali	14 M
15 L	15 D	15 F	15 S	15 D Jóaball	15 F	15 M	15 M	15 L	15 L	15 D	15 F
16 S	16 M Dagur neuvunar	16 F	16 M Dagur laungu	16 M	16 D	16 D	16 D	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 D	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 M	17 L
18 D	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 D	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 D	19 F Dagur Vetrarvins	19 M	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 D	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 D	20 F Ljótisdagur	20 S	20 D
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Kornidagur	21 S	21 M Brennissali	21 F	21 M	21 M
22 L	22 D Ljótisdagur	22 F Skráningisdagur	22 S	22 D	22 M Brennisdagur	22 M Skráningisdagur	22 M Skráningisdagur	22 L Gæmsdagurinn fyrsti	22 L	22 D	22 F
23 S	23 M	23 F Skráningisdagur	23 M	23 M Þrengissali	23 L	23 D Skráningisdagur	23 F	23 M	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 D	24 F Aftangisdagur	24 M	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 D	25 F	25 S	25 M Ljótisdagur	25 F Jóaballur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 D	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M Skráningisdagur	26 F	26 L Annar í jólum	26 D	26 F	26 F	26 M	26 M Skiðisdagur e.k.	26 L	26 M
27 F	27 S	27 D Brennisdagur	27 F Skiðisdagur	27 S	27 M Ljótisdagur	27 L	27 L	27 F Skiðisdagur Annars denninnar	27 F Útselt eittu jarna	27 S	27 D
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Skráningisdagur	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 D	29 F	29 S	29 D Skráningisdagur	29 F	29 M Annar í þálum	29 F	29 L	29 L	29 D	29 F
30 S	30 M Skiðisdagur Neskaups	30 F Hringinn dagur	30 M	30 M Skráningisdagur	30 L	30 D	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F
31 M Skiðisdagur e.k.		31 L		31 F Gæmsdagur	31 S	31 M	31 M	31 L	31 M	31 L	

Skráningisdagur
31. ágúst - Eftir náðing
30. september - Aftur dagurinn
27. nóvember - Aftur dagurinn

Foretari dagur
5. október - Foretari dagurinn HEKK
6. október - Foretari dagurinn AKLAK
7. október - Foretari dagurinn LKLK
10. nóvember - Omnú og staflari
4. nóvember - Foretari í morgunmat

Skiðisdagur
22. september - Ljótisdagur
27. október - Búgisdagur
30. október - Hringinn dagur
25. nóvember - Ljótisdagur
11. október - Jóaballur dagur

Skráningisdagur
15. október - Jóaballur
6. janúar - Búgisdagur
27. janúar - Ljótisdagur
10. nóvember - Óskuldur

Þrengissali
18. mars - Dagurinn
20. maí - Ljótisdagur
1. júní - Almennsali
14. júní - Þrengissali

Skráningisdagur
22. október
23. október
26. október
29. október
30. október

Skráningisdagur
22. nóvember
23. nóvember
22. mars
23. mars
24. mars



F. h. leikskólans Klettaborg

Helena Jónsdóttir

8. júní 2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





10.8 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Klettaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Olgeir Gunnsteinsson

Jóhanna Jónsdóttir

Ásdís Erna Guðmundsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei.

Foreldraráð Klettaborgar vill lýsa yfir mikilli ánægju með starfsemi leikskólans. Starfsemin einkennist af fagmennsku, hlýju og metnaði fyrir velferð barnanna, sem skilar sér í auknum þroska og vellíðan þeirra í daglegu leikskólastarfi.

Við teljum jákætt markmið allra deilda að auka og þróa áfram útikennslu og hlökkum til að fylgjast með hvernig hún mun ganga og skila sér áfram í þroska barna. Þjóðsöguverkefnið, barn vikunnar, bókaormur sem og önnur verkefni leikskólans eru metnaðarfull og gaman að sjá hvernig starfsfólk og börn vinna saman í þessum verkefnum og finnst okkur þau hafa haft jákvæð áhrif á sjálfsefingu, málörvun og félagsfærni barnanna.

Við í foreldraráði styðjum starfsáætlun leikskólans heilshugar og hlökkum til að fylgjast með framgangi skólans á komandi skólaári.

Fulltrúar í foreldraráði: Jóhanna Jónsdóttir, Ásdís Erna , Olgeir Gunnsteinsson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Jóhanna Jónsdóttir, Olgeir Gunnsteinsson,

Ásdís Erna Guðmundsdóttir



